

66. kirkjuþing 2024 - 2025

13. mál – þskj. 13a

T I L L A G A

til þingsályktunar um þarfagreiningu og starfsmat fyrir starfsemi Þjóðkirkjunnar og stofnanir hennar.

Flm. Steindór Haraldsson, Áslaug I. Kristjánsdóttir.

Kirkjuþing ályktar að fela framkvæmdastjóra Þjóðkirkjunnar að vinna þarfagreiningu og starfsmat fyrir starfsemi Þjóðkirkjunnar og stofnana hennar, með tilliti til þeirra fjármuna sem hún hefur til umráða. Hlutlaus aðili verði ráðinn til verksins. Óskað verði eftir tilboðum í verkið og áskilur kirkjan sér rétt til að hafna öllum eða að velja hvaða tilboð sem er.

Skýrslu um útboðið verði skilað til kirkjuþings fyrir fyrsta þingfund á árinu 2025. Framhald verði ákveðið í samræmi við þau tilboð sem berast.

Greinargerð.

Þarfagreining er ferli til að greina og forgangsraða vegna hugsanlegs gaps á milli núverandi og æskilegrar frammistöðu kirkjunnar, starfsmanna hennar og sóknarbarna / safnaða. Það er mikilvægt skref til meta þörfina fyrir t.d. prests- og biskupsþjónustu ásamt öllu stoðkerfinu við þá þjónustu.

Það er Þjóðkirkjunni, eins og öllum öðrum félögum og stofnunum, mikilvægt að greina þarfir þeirra sem þiggja þjónustu viðkomandi. Ekki síður er mikilvægt að greina hvernig þeim þörfum er þjónustuna þiggja er sinnt. Þarfagreining hjálpar m.a. við að forgangsraða takmörkuðum fjármunum og greina raunverulega stöðu kirkjunnar á þeim tíma sem greiningin er gerð.

Starfsmat er aðferð til að leggja samræmt mat á ólík störf. Starfsmat er ekki mat á persónulegri hæfni starfsmanna. Ekki mat á árangri starfsmanna. Ekki mat á frammistöðu starfsmanna í starfi. Starfsmat er hins vegar leið til þess að meta störf með kerfisbundnum hætti. Það byggir á hlutlægum viðmiðum sem notuð eru til þess að meta störf innbyrðis eftir innihaldi, þ.e. þeim kröfum sem gerðar eru, óháð einstaklingsbundinni hæfni þeirra er gegna þeim hverju sinni. T.d. hvað þarf kirkjan marga presta á ákveðnum svæðum með tilliti til þess starfs sem þeim er ætlað? Það sama á við um prófasta og vígslubiskupa.

Flutningsmaður telur að aðalmarkmið Þjóðkirkjunnar sé boðun fagnaðarerindisins um Jesú Krist og útbreiðsla kristinnar trúar. Öll þjónusta Þjóðkirkjunnar, þ.m.t. kærleiksþjónusta, er afleiðing þessa markmiðs en ekki orsök. Þetta þarf að hafa hugfast þegar fjármunum er úthlutað.

Kveikjan að þessum hugmyndum eru m.a. eftirfarandi spurningar:

- Er núverandi kirkjuþing af réttri stærð og gerð til að þjóna sínu lögbundna hlutverki?
- Hver er staða forseta og forsætisnefndar kirkjuþings gagnvart núverandi stjórnkerfi?
- Hver er hin raunverulega þörf fyrir stjórn?
- Hvað þarf þjónustumiðstöð að vera stór í mannárum.
- Hver er þörfin og forgangsröðun á þjónustu Þjónustumiðstöðvar?
- Hvernig nýtist hin vígða þjónusta sóknarbörnum safnaðanna?
- Hvernig nýtist þjónusta prófesta og vígslubiskupa?
- Hver á stefnan að vera varðandi stærð sókna?